



Knattspyrnudeild Vals
Jón Höskuldsson, formaður
Lárus Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Efni: Ósæmileg framkoma þjálfara Vals

Reykjavík, 13. september 2018.

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 11. september 2018 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 4. september sl., skv. 21. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmilega framkomu Ólafs Jóhannessonar, þjálfara Vals í mfl. kk., í viðtali sem birtist á vefmiðlinum vísir.is, þann 2. september 2018. Var um að ræða opinber ummæli Ólafs sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og til þess fallin að draga heiðarleika dómara í leik KA og Vals í Pepsi-deild karla, þann 2. september sl., í efa. Ummælin eru eftirfarandi:

„Dómarinn er náttúrulega Stjörnumaður. Hann er fæddur og uppalinn í Stjörnunni, í Stjörnuheimilinu nánast og auðvitað fór hann ekki að dæma víti fyrir okkur. Það náttúrulega gaf auga leið“

Á fundi nefndarinnar lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann 11. september sl. frá Jóni Höskuldssyni, formanni knattspyrnudeildar Vals. Að henni virtri og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli Ólafs Jóhannessonar hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Falli ummæli Ólafs undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.5, hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 100.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 11. september 2018 að sekta Knattspyrnudeild Vals í ljósi alvarleika brotsins, um kr. 75.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla Ólafs.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess að grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði í heiðri höfð, en þar segir: *Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.*

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagur ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson